Lundamerkingar í Vestmannaeyjum 1953-2007

Hálfdán H. Helgason[1,2,*], Elínborg Sædís Pálsdóttir[1,2], Óskar J. Sigurðsson[3], Ævar Petersen[2] & Erpur Snær Hansen[1]

[1]Náttúrustofa Suðurlands, Strandvegur 50, 900 Vestmannaeyjar, [2]Náttúrufræðistofnun Íslands, Hlemmur 3, 125 Reykjavík, [3]Stórhöfðaviti og veðurathuganarstöð, Stórhöfði, 900 Vestmannaeyjar

*hhh5@hi.is

Inngangur

Stofnstærð lunda *(Fratercula arctica)* hér við land er áætluð í kringum 3-4 milljónir varppara og telst þar með vera stærsti stofn einstakrar fuglategundar hér við land [1]. Í Vestmannaeyjum er að finna stærstu varpstöðvar lunda í heiminum en áætlað er að þar verpi um 40% varpstofnsins hér við land eða um 20 % heimsstofnsins [2,3]. þökk sé gríðarmiklu og óeigingjörnu starfi áhugamanna um fuglamerkingar eru til merkingaseríur sem ná aftur til ársins 1953. Fram til þessa hefur lítið verið unnið úr þeim upplýsingum sem safnast hafa en nú er verið að leggja lokahönd á að koma gögnunum á það form að hægt verði að vinna úr þeim stofnlíkan sem veitt getur innsýn í afkomu mismunandi aldurshópa lunda aftur í tímann, allt til ársins 1953. Áætlað er að því verki verði lokið í lok árs 2010 en hér verða kynnt helstu gögn sem þar munu liggja að baki.

Aðferðir og rannsóknarsvæði

Ýmsir hafa komið að þessum merkingum en þar ber helstan að nefna Óskar J. Sigurðsson vitavörð í Stórhöfða sem merkt hefur u.þ.b. 60.000 lunda yfir rúmlega 50 ára tímabil. Skipta má lundamerkingum Óskars í fjóra hópa (tafla 1); varpfugla tekna í holum í Stórhöfða, ófleygar pysjur í holum og fullvaxna fugla (3. árs +) sem háfaðir voru og merktir í vörpunum í Stórhöfða. Fjórða hópinn skipa fleygar pysjur sem laðast höfðu að ljósum Vestmannaeyjabæjar en var bjargað, þær merktar og sleppt í Stórhöfða. Svipaðar merkingar stundaði Sigurgeir Sigurðsson símstöðvarstjóri í Vestmannaeyjum en á árunum 1971-1993 merkti hann um 12.000 lunda, mest nýfleygar pysjur sem bjargað var í Vestmannaeyjabæ síðla sumars og á haustin. Merkingar hans eru aðgreindar frá merkingum Óskars með (SS) í myndum og töflu 1.

Tafla 1 sýnir fjölda merktra og hlutföll endurheimtra einstaklinga milli mismunandi aldurshópa á tímabilinu 1953-2000

	Heildarfjöldi merktra (N_m)	Heildar fjöldi endurheimtra (N_e)	Meðal - endurheimtu-hlutfall (%)	SE
Ófleygar pysjur	14268	2336	14,56	0,14
Fleygar pysjur	10587	1573	11,60	0,22
Fleygar pysjur(SS)	11623	1538	12,62	0,12
Fullvaxnir fuglar	19089	2818	15,21	0,09
Varpfuglar	7237	2075	29,31	0,28
Alls	62804	10340	17,05	0,05



1. mynd. Grafið sýnir fjölda merktra einstaklinga milli mismunandi aldurshópa á árunum 1953-2000.

Niðurstöður

Á árunum 1953-2000 merktu Óskar og Sigurgeir nær 63.000 lunda og af þeim endurheimtust rúmlega 10.000 (tafla 1). Merkingaátakið er mjög breytilegt milli ára og mismunandi aldurshópa (1. mynd).

Meðalendurheimtulíkur voru um 17,05% en eru einnig mjög breytilegar milli aldurshópa og ára (tafla 1 og 2. mynd) líkt og merkingar.

Umræður

Samkvæmt veiðitölum Umhverfisstofnunar og lundaveiðifélaga í Vestmannaeyjum er lundinn sá fuglastofn sem mest er veitt úr hérlendis, um og yfir 200.000 fuglar á ári þó mjög hafi dregið úr veiðum síðustu ár [4] í kjölfar lélegs varpárangurs síðan 2005. Þessar veiðar endurspeglast m.a. Í hárri endurheimtutíðni. Hér er einungis dregið upp brot af þeim upplýsingum sem vinna má úr þessum gögnum. Mikil og spennandi vinna er framundan við að greina upplýsingar m.a. um far og breytingar á lífslíkum mismunandi aldurshópa aftur til ársins 1953.



2. mynd. Grafið sýnir hlutföll endurheimtra einstaklinga milli mismunandi aldurshópa á árunum 1953-2000.

Heimildir

[1] Birdlife International 2004. Birds in Europe: population estimates, trends and conservation status. – Cambridge, UK: Birdlife International. (Birdlife Conservation Series No. 12).

[2] M.P. Harris, 1984 The puffin. T. & A. D. Poyser, Calton.

[3] Erpur Snær Hansen og Arnþór Garðarsson, óbirt, í vinnslu.

[4]Umhverfisstofnun. http://www.ust.is/Veidistjornun/Almennt/Veiditolur/. Sótt þann 21.09.2009.